



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 1. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Fimmtudag. 28.05.09 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK)  
**Boðuð forföll:** Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** RP

**Helstu mál:** Stjórn skiptir m. sér verkum, dagskrá næsta vetrar, erindi KFK.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 24. fundar 2008-2009 samþykkt samhljóma.

#### 2. Stjórn skiptir með sér verkum.

PMP heldur áfram sem varaformaður og VG sem gjaldkeri. Tillaga var frá PI að HS tæki að sér ritarastarf og RP fundarritun og var það samþykkt.

#### 3. Nefndir.

Stutt umræða var um hvernig stjórnarmenn skipuðu sér í nefndir KLÍ til að stjórnin hefði yfirsýn yfir nefndarstörf og var niðurstaðan þessi:

Landsliðsnefnd – VG

Aganefnd – PI

Unglinganefnd – PMP

Mótanefnd – RP

Upplýsinganefnd – HS

Tækninefnd - GS

#### 4. Þinggerð.

PI bar upp nokkrar spurningar varðandi það hvað ætti að fara í þinggerð aðalfundar KLÍ og var gengið frá því.

#### 5. Liðatilkynningar.

PI greindi frá því að einungis ÍR væri búið að skila inn liðatilkynningum. KFR væri að mestu tilbúið með sín lið og hann hefði rætt við GS varðandi ÍA og það væri að vænta tilkynninga frá þeim. Ekkert hefði heyrst í KR og PI ætlar að vera í sambandi við þá. KFK væri með erindi til KLÍ sem þeir vildu fá svar við þar sem það hefði áhrif á þá.

#### 6. Dagskrá næsta vetar.

Búið er að setja inn uppkast fyrir veturinn í dagatalið og voru nokkrar umræður um það. Ýmsar hugmyndir voru ræddar. PI ætlar að skoða breytingarnar á næstu dögum.

#### 7. Erindi KFK.

KFK bar upp erindi til KLÍ í 3 liðum og fór fram umræða um það.

## 8. Landsmót UMFÍ.

PI sagð frá því að Keila yrði sýningaíþrótt á Akureyri þegar landsmót UMFÍ fer þar fram 9-12 júlí.

## 6. Önnur mál.

Fundur norrænna keilusambanda verður haldinn í Álaborg í kringum Evrópumót Karla og einnig Evrópuþing. PI og VG munu vera á fundunum.